REYKJAVÍKURVEGUR 72, HAFNARFJÖRÐUR



GRUNNMYND 1.HÆÐ

Breytingar.
Húsið Reykjavíkurvegur 72 er upphaflega teiknað af Kjartani Sveinssyni ýmsar breytingar hafa verið gerðar og hefur ARKO teiknistofa m.a. gert sumar þeirra og er stuðst við þær teikningar.
Breytingar voru samþykktar og framkvæmdar 2004 við Reykjavíkurveg 72 Hafnarfirði í þá veru að 2. hæð (0201) var breytt í hótel, samkvæmt uppdráttum Erlendar Árna Hjálmarssonar og Hjálmars Arnar Guðmarssonar dags. 4. júlí 2004.

Fyrirhugaðar framkvæmdir við Reykjavíkurveg 72 Hafnarfirði samkvæmt uppdráttum Erlendar Árna Hjálmarssonar og Hjálmars Arnar Guðmarssonar dags. 4. janúar 2006 eru eftirfarandi.
Á 1. hæð hússins (0101) í matshluta 02 og 03 er gert ráð fyrir að innrétta hótel/gistiheimili með 27 herberjum ásamt snyrtingum ásamt því að aðstaða er til eldunar í hverju herbergi. Þá er gert ráð fyrir aðstöðu starfsfólks.
Á fyrstu hæð í mhl. 02 er gert ráð fyrir nýju anddyri er snýr að Stakkahrauni og Reykjavíkurvegi. Í anddyrinu er gert ráð lyftu fyrir 1. og 2. hæð. Núverandi anddyri er felt niður og í staðin er sett setustofa.
Þá er viðbygging er snýr að Stakkahrauni felld í burtu.
Ein breyting er gerð í kjallara en það er að stigi sem var milli 1. hæðar og kjallara er felldur niður og steypt í stigagat. Kjallari verður með óbreytta nýtingu þ.e. lager.
Breytingar 28. mars 2006.
Sótt er um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu sem hefur fengið samþykki skipulags- og byggingarráðs á fyrirspurnaruppdráttum. Viðbyggingin er eftirfarandi.
Húsið er stækkað þannig að gert er ráð fyrir lobby/anddyri á horni hússins, á 2. 3. og 4. hæð verða herbergi sem stækka núverandi hótel.
Jafnframt þessu er gerð breyting á lóðarmynd þannig að aðkoma hefur verrið bætt bæði fyrir gangandi og einnig fyrir langferðabíla.

Breytingar 1. sept. 2007.
Hluta kjallara er breytt í morgunverðarsal, eldhús, snyrtingar, ræstingu og þvott.

Byggingarlýsing.

Burðarvirki.
Undirstöður, útveggir, gólf og loftaplötur eru gerð úr steinsteypu.
Holplötur verða í plötum.
Húsið er einangrað og klætt að utan steinull og álklæðningu.

Veggir.
Allir innveggir eru byggðir upp úr álleiðurum 100 mm einangraðir að innan með 95 mm steinull og klæddir beggja vegna með 2 x 13 mm gipsplötum.

Gólf.
Á herbergjum, göngum og anddyri verður parket á gólfum en í snyrtingum verða gólfflísar.
Á gólfi ræstiherbergis, línherbergja og eldhúss verður gólfdúkur

Loft.
Öll loft eru steinsteypt og verða niðurtekin loft í herbergjum og göngum úr gipsplötum.

Lagnir.
Gert er ráð fyrir að hita og neysluvatnslagnir verði úr rústfríu stáli.
Frárennislislagnir verða úr potti.

Loftræsing.
Í öllum herbergjum eru opnanlegir gluggar til loftræsingar en á snyrtingum, og öðrum lokuðum rýmum verður vélræn loftræsing. Þá verður einnig vélræn loftræsing við eldunaraðstöðu í herbergjum.
Vélræn loftræsing er í lokuðum rýmum í kjallara s.s. í eldhúsi, morgunverðarsal, snyrtingum.

Aðgengismál.
Lyfta verður sett upp þannig að aðgengismál hreyfihamlaðra verður um alla bygginguna.
Þá er aðkoma hreyfihamlaðra frá bílastæðum að anddyri góð og bílastæði fyrir hreyfihamlaða er við anddyri.

Samþykkt þann
28 NÓV 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson

Brunavarnir.

Geta má þess að allt burðarvirki hússins þ.e. veggir, loft og gólf er gert úr steinsteypu.

Brunasamstæður.
Á lóðinni eru 4 matshlutar og er fyrirhugað að hóteliið verður innréttað í mhl. 02, 03 og 04 og er gert ráð fyrir að opið sé milli þessara matshluta á 1. og 2. hæð og jafnframt gert ráð fyrir hurðum á gangi milli matshlutanna sem uppfylli
EI-CS60 á seguloka sem tengdur verði brunaviðvörunarkerfi hússins.
Þannig að gistiheimilið er í 3 brunasamstæðum.
Kjallari er tvær brunasamstæður og er eldhús og morgunverðarsalur í sama brunahólfi (veggir EI60 og hurðir EICS 30)

Brunahólfum.
Hverri brunasamstæðu er skipt upp í mörg brunahólf og er hvert íbúðarherbergi eitt brunahólf skilið af frá öðrum herbergjum eða gangi með EI-60 veggjum og EI-CS30 hurðum.
Sama á við um önnur rými hvað varðar brunahólfun.
Þá eru gangar aðskildir frá anddyri í mhl. 02 með EI-CS30 hurð á seguloka sem tengd verður brunaviðvörunarkerfi hússins og frá rýmingarleiðum í mhl. 01og 03 með EI-CS60 hurð.
Allir innveggir þ.m.t. í kjallara eru byggðir upp úr álleiðurum 100 mm einangraðir að innan með 95 mm steinull og klæddir beggja vegna með 2 x 13 mm gipsplötum.

Rýmingarleiðir.
Rýmingarleiðir af 1. hæð eru þrjár ein um anddyri á 1. hæð í mhl. 02, ein um setustofu í matshluta 03 er snýr að Stakkahrauni og ein um útihurð í mhl 04.
Rýmingarleiðir af 2. hæð eru þrjár ein um anddyri á 1. hæð í mhl. 02, ein um setustofu í matshluta 03 er snýr að Stakkahrauni og ein um anddyri í matshluta 01 er snýr að Reykjavíkurvegi.
Við þessar rýmingarleiðir bætast við rýmingarleiðir samkv. breytingu 28. mars 2006 ein rýmingarleið á 1. og annarri hæð um aðal anddyri.
Rýmingarleiðir af 3. og 4 hæð verða um stiga í aðal anddyri ásamt rýmingarleið af 4. hæð útá slétt þak og niður stiga á gafli í mhl. 03.
Þannig verða amk. Tvær rýmingarleiðir úr hverju hólfi.
Rýmingarleiðir úr kjallara eru 4 úr mhl 02 og 3 úr mhl. 03.

Brunaviðvörunarkerfi.
Í hótelinu verður sett upp viðurkennt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndir stjórnstöð.

Út - og neyðarlýsing.
Í hótelinu verður hönnuð og sett upp út- og neyðarlýsing viðurkennd af eldvarnareftirliti sjá staðsetningar á brunavarnaruppdrætti.

Klæðningar.
Allar klæðningar í lofti og veggjum verða í flokki 1.

Slöngukefli og slökkvitæki.
Slöngukefli eru sýnd á grunnmyndum og slökkvitæki verða sett upp í samráði við eldvarnareftirlit.

Aðkoma slökkvilíðs.
Hótelið er á 1. og 2. hæð að Reykjavíkurvegi og Stakkahrauni og 1. 2. og 3. hæða á bakló og öll aðkoma góð þá er aðkoma og aðstaða slökkviliðs öll hin besta. Þá er staðsetning slökkviliðs þannig að viðbragðstími þess að húsinu er ekki nema 3- 5 mínútur.

Eldhús.
Í öllum hafum við eldun skal setja úðakerfi

Heilbrigðismál.

Í herbergjum er gert ráð fyrir eldunaraðstöðu en nú er bætt við eldhúsi og aðstöðu til morgunverðar í kjallara.

Almenn atriði.
Öll lokuð rými verða útloftuð með vélrænni loftræsingu.
Þá verður vélræn loftræsing frá eldunaraðstöðu.
Vélræn loftræsing er í lokuðum rýmum í kjallara s.s. í eldhúsi, morgunverðarsal, snyrtingum.

Ræsting.
Í gistiheimilinu er gert ráð fyrir einni ræstingu á hvorri hæð er rúmar 3 ræstivagna, skolvask og geymslur fyrir ræstitæki og efni. Stærðir þeirra eru 5,7 m².
Tvær ræstingar eru í kjallara, ein í eldhúsi og ein við gang morgunverðarsalar. 8,5 m².

Lín.
Gert er ráð fyrir einu línherbergi á hvorri hæð þar sem rúmföt og annar búnaður er geymdur stærð þess herbergis er 6,7 m².
Eitt lín herbergi er í kjallara
Óhreinn þvottur verður þveginn í þvottaherbergi í kjallara stærð 8,5 m².

Sorpgeymslur.
Engin breyting er á þeim hlutum þar sem gert er ráð fyrir sömu sorpgeymslum og verið hefur en þær eru staðsettar á baklóð.

Starfsmannarými.
Gert er ráð fyrir aðstöðu starfsfólks á 1. hæð þ.e. eldunaraðstaða, snyrting, sturta og búningsaðstaða.

30.11.2007
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS

REYKJAVÍKURVEGUR 72, HAFNARFJ.	TEIKN.NR. 103
EFNI: AÐALUPPDRÁTTUR	DAGS.: 28.03.2006
GRUNNMYND 1. HÆÐAR	MKV.: 1:100
	ÚTGÁFA: C

HÖNNUÐIR: Erlendur Árni Hjálmarsson, Byggingafræðingur, Kt.: 10.03.'55-5239
Hjálmar Örn Guðmarsson, Byggingafræðingur, Kt.: 20.06.'72-3809

BREYTING NR. / DAGS. / TEIKN. / BREYTING FRÁ FYRRI TEIKNINGU
C / 01.09.2007 / HÖG / INNRA SKIPULAGI Í MÓTTÖKU BREYTT
B. / 26.04.2008 / HÖG / OPNUN INN Í BORÐSTOFU BREYTT, SÉR HÓLFUN
A. / 28.03.2008 / HÖG / VIÐBYGGING VIÐ MHL.02 TURN UPP Á 4 HÆÐIR - LYFTA SETT Í HÚSIÐ